

61 fjallskil, og skipti jafnt milli sín tekjunum af óskilafje. Þessi beiðni, sem hefir verið sam-
26. maí. þykkt af hreppsnefndinni með 7 atkvæðum gegn 2, og með atkvæðafjölda hefir fengið með-
mæli sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, hafið þjer herra amtmaðurinn þareptir með með-
mælum yðar lagt undir úrskurð landshöfðingja, samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipun-
arinnar frá 4. maí 1872.

Samkvæmt þessu skal því úrskurðað svo sem nú segir:

1. Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu má skipta í 2 hreppa, er nefnist ytri og fremri Torfastaðahreppur; skulu takmörk þeirra vera að austanverðu Miðfjarðarár við Urriðaá en að vestanverðu við Hoppahlíðará.

2. Öllum eigum hins núverandi Torfastaðahrepps, öllum ómögum hans og öllum skuld-
bindingum, skal skipt jafnt á milli ytri og fremri Torfastaðahrepps, þó þannig, að þinghúsið á Svarðbæli fyrst um sinn verði sameiginleg eign hreppanna, báðum til afnota eptir nánara samkomulagi. Þegar fremri Torfastaðahreppur ætlar að byggja sjer sjálfur þinghús, skal ytri Torfastaðahreppur greiða honum helminginn af andvirði hins eldra þinghúss, og verður það þá eign ytri hreppsins eins; einnig skulu báðir hreppar hafa sameiginlegar afrettir og fjallskil, eins og hingað til hefir verið, og skulu þeir skipta jafnt með sjer tekjum fátækra-sjóðsins af óskilafje.

3. Skiptingin skal fara fram, undir eins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefnd-armanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. grein tilsk. 4. maí 1872, og hreppsnefndir þessar þar eptir hafa verið kosnar.

4. Skipta skal jafnt milli fremri og ytri Torfastaðahrepps, öllum ómögum þeim, sem hafa, þá er skiptingin fer fram, áunnið sjer framfærslurjett í hñum núverandi Torfastað-
hreppi, og eins skal fara með þá, sem ekki enn þurfa fátækrastryks, en eiga framfærslu-
rjett í hreppnum, eins og hann nú er, eða sem, ef skiptingin hefði ekki farið fram, hefðu áunnið sjer slíkan framfærslurjett, t. a. m. með því, að hafa dvalið hinn lögboðna tíma í hreppnum, áður en honum var skipt, með því að dvelja nokkurn part hins lögboðna tíma í hreppnum óskiptum, og þar eptir samfleytt það sem eptir stendur í öðrum hvorum nýju hreppanna, eða loksins af því, að þeir eru fæddir í hreppnum áður en skiptingin fer fram. En það leiðir af sjálfu sjer, að þeir missa þenna rjett, ef þeir, áður en þeir verða þurfs-
andi sveitarstryks, hafa unnið sjer framfærslurjett, annaðhvort í öðrumhvorum nýju hrepp-
anna eða annarsstaðar.

5. Gjöra skal út um skipting þessa og allt hvað snertir fjelagsskap hinna nýju hreppa á sameiginlegum fundi beggja hreppsnefnda.

Þetta er hjér með tjáð herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

62 — Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ábyrgð fyrir elds-
10. júní. voða. — Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hafði með meðmælum sínum sent dómsmála-
stjórninni erindi það, er jeg meðtók með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 3. desbr. f. á., þar sem bæjarstjórnin fer fram á, að hið almenna brunabótafjelag fyrir sveitarbygg-
ingar í Danmörku taki að sjer frá 1. oktbr. þ. á. ábyrgð á þeim þriðjungu andvirðis húsa í Reykjavík, sem bærinn sjálfur má ábyrgjast, samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874 um ábyrgð
fyrir eldsvoða í Reykjavík kaupstað, hefir aðalstjórn nefnds fjelags skýrt frá, að hún,
eptir að málið hafi verið rætt í forstöðunefnd fjelagsins, álíti sig ekki hafa heimild til að
láta fjelagið taka hina umræddu ábyrgð á sig.

Þetta er þjónustusamlega tjáð herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeining-
ar og birtingar.